

Byggðarráð Borgarbyggðar
Borgarbraut 14
310 Borgarnesi

Borgarnesi, 17. febrúar 2021

Efni: Fyrirvaralaus lokun Brákarbrautar 25 – húsnæði nytjamarkaðar körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Bréf þetta er ritað í tilefni þess að húsnæði nytjamarkaðar körfuknattleiksdeildar Skallagríms, var lokað, fyrirvaralaust og deildinni meinað að hafa starfsemi í húsnæði frá og með síðastliðnum föstudegi. Undirritaður er meðlimur í meistaraflokksráði karla, hjá körfuknattleiksdeild Skallagríms og forstöðumaður nytjamarkaðarins.

Nytjamarkaður körfuknattleiksdeildarinnar hefur verið starfræktur um árabíl í húsnæðinu að Brákarbraut 25. Síðastliðin ár hefur velta nytjamarkaðar aukist verulega og hefur verið á bilinu 4-5 milljónir á ársgrundvelli. Til þess að setja þá tölu í samhengi er hægt að gera ráð fyrir að slík fjárhæð sé um 10-15% af heildarrekstrarkostnaði körfuknattleiksdeildarinnar. Gerir það nytjamarkaðinn að stærstu einstöku fjáröflun körfuknattleiksdeildarinnar. Ákvörðun eftirlitsaðila um lokun húsnæðisins veldur körfuknattleiksdeildinni verulegu tjóni, enda er afar ólíklegt að nokkuð húsnæði sé laust sem nýst getur sem húsnæði fyrir nytjamarkaðinn. Gert hefur verið ráð fyrir þeim fjármunum sem um ræðir í rekstur körfuknattleiksdeildarinnar og nú þegar er búið að skuldbinda körfuknattleiksdeildina út yfirstandandi keppnistímabil, og í raun engir möguleikar til þess að draga úr kostnaði fyrr en næstkomandi sumar, þegar tímabilinu lýkur.

Þá má nefna að heildarframlag Borgarbyggðar til körfuknattleiksdeildar á ársgrundvelli er um 1,5 milljón króna á ársgrundvelli. Framlagið hefur jafnframt til þessa falist í húsnæði sem ekki hefur þurft að greiða fyrir og mögulegt hefur verið að nýta til fjáröflunar með starfrækslu nytjamarkaðar.

Fjöldmörg áföll hafa dunið á körfuknattleiksdeildinni undanfarið ár, sem tengjast covid-19 faraldrinum. Möguleikum körfuknattleiksdeildarinnar til þess að afla fjár hafa verið takmarkaðir verulega enda hefur ekki verið mögulegt að halda neina viðburði, ekki hægt að selja veitingar á heimaleikjum eða fá aðgangseyri. Þá hafa auglýsingatekjur og styrktaraðilar dregið verulega saman og ekki erfitt hefur verið að afla nýrra styrkja. Gerir það möguleika deildarinnar til þess að afla fjármagns í stað nytjamarkaðar verulega takmarkaða og í raun ómögulega.

Þrátt fyrir að um mikla tekjulind sé að ræða fyrir körfuknattleiksdeildina þá gegnir nytjamarkaðurinn frekara hlutverki í samfélaginu. Með því að starfræktur sé nytjamarkaður þá hvetur það íbúa til endurnýtingar, enda er þá nytjagámur á gámasvæðinu við Sólbakka þar sem hægt er að koma með hluti sem ætlaðir eru til endursölu á nytjamarkaðnum. Gáminum hefur í dag verið lokað enda er ekkert húsnæði til reiðu fyrir starfsemina. Nytjamarkaðurinn er eina húsgagnaverslun sveitarfélagsins og sú verslun þar sem til dæmis námsmenn og aðrir hafa getað nýtt til þess að kaupa hluta eða jafnvel alla innanstokksmuni. Borgarbyggð er lágláunsvæði miðað við mörg nágrannasveitarfélög og fullyrðir

undirritaður að lokun markaðarins mun koma illa við lágtekjufólk bæjarins, sem hefur getað gengið að því vísu að fá ódýra innbúsmuni og húsgögn á nytjamarkaðnum okkar.

Nytjamarkaðurinn er einnig hluti af ferðaþjónustu sveitarfélagsins og hróður markaðarins hefur dreifst víða. Fjöldi fólks sem ekki er úr sveitarfélaginu leggur leið sína á nytjamarkaðinn á ári hverju og á það sérstaklega við um sumarbústaðaeigendur á svæðinu og aðra sem gagnert leggja leið sína í Borgarnes til þess að koma á nytjamarkaðinn. Oft fáum við beiðnir um að hleypa saumaklúbbum eða öðrum stærri hópum inn á markaðinn og hefur það jafnvel verið sem hluti af stærri ferð þar sem önnur þjónusta í Brákarey var nýtt á sama tíma.

Hægt væri að hafa mun lengri og ítarlegri orð um það starf sem unnið er innan nytjamarkaðs körfuknattleiksdeildarinnar, en undirritaður taldi það nauðsynlegt svo viðtakendur bréfsins geri sér grein fyrir hversu viðurhlutamiklar afleiðingar þessi ákvörðun hefur haft. Ákvörðun sem sveitarfélagið ber ábyrgð á, sem eigandi húsnæðisins, sem hefur leyft ýmis konar starfsemi í húsnæðinu, án þess að forsendur væru til þess, í ljósi niðurstöðu eldvarnareftirlits og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins.

Erindi bréfs þessa er því að óska þess að sveitarfélagið axli ábyrgð á þeirri ákvörðun sem tekin var. Óskar körfuknattleiksdeild Skallagríms eftir viðræðum um hvort hugsanlega eigi sveitarfélagið laust húsnæði sem mætti nýta sem nytjamarkað. Sem dæmi um slíkt húsnæði mætti benda á Borgarbraut 55, en sveitarfélagið hefur skuldbundið sig til þess að kaupa umrædda fasteign og gæti hún hentað nytjamarkaði vel enda skrásett sem verslunarhúsnæði. Að öðrum kosti óskar körfuknattleiksdeildin eftir fjárstyrk, a.m.k. næstu mánuði til þess að standa straum af annaðhvort húsaleigu finnist húsnæði eða beinlínis tekjutapi vegna lokunar nytjamarkaðarins finnist ekkert húsnæði. Áskilur körfuknattleiksdeildin sér allan rétt vegna hugsanlegra krafna gagnvart Borgarbyggð vegna fyrirvaralausrar lokunar nytjamarkaðarins.

Jafnframt vill undirritaður taka fram, að ef stendur til að koma húsnæðinu að Brákarbraut 25 í það horf að nýta megi það að nýju þá er körfuknattleiksdeildin tilbúin til þess að koma að þeim endurbótum með vinnuframlagi sínu og hugsanlega einhverjum efniskostnaði til þess að koma húsnæðinu í starfhæft ástand.

Óskað er eftir því að svar berist við erindi þessu hið fyrsta.

f.h. körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Flosi H. Sigurðsson